

Iðgjaldagreiðslur þessar af hálfu Tryggingastofnunarinnar eru þó því skilyrði 14 bundnar, að því er varðar þá, sem ekki hafa verið meðlimir sjúkrasamlaga undan- 24. jan. farið, að hlutaðeigandi sjúkrasamlag fallist á, að biðtími þeirra verði eigi lengri en einn mánuður, þannig að þeir fái full samlagsréttindi eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi.

Þeir, sem njóta vilja friðinda þeirra, sem að framan getur, snúi sér til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Tryggingastofnun ríkisins, 24. janúar 1948.

Haraldur Guðmundsson.

AUGLÝSING

um lækun á húsaleigu.

15

10. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild þá til niðurfærslu á húsaleigu, sem henni er veitt í 15. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtiðarráðstafanir.

Samkvæmt því leggur félagsmálaráðuneytið hér með fyrir allar starfandi húsaleigunefndir, að hlutast til um það hver í umdæmi sínu, að færð verði niður um 10% — tíu af hundraði — húsaleiga í þeim húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleiga í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Niðurfærsluskyldan tekur til allra húsaleigusamninga, sem gerðir hafa verið eftir árslok 1941, hvort sem þeir hafa verið staðfestir af húsaleigunefnd eða eigi.

Ákvæði þessi komi til framkvæmda í fyrsta sinn við greiðslu á húsaleigu fyrir janúarmánuð 1948.

Þá ber og að taka tillit til niðurfærslu þessarar við húsaleigu, sem hér eftir verður metin af húsaleigunefndum.

Húsaleigunefndum er falið, að sjá um framkvæmd ákvæða þessara hver í sínu umdæmi á þann hátt, er þær telja best við eiga.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings.

16

23. jan.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Ingibjörgu Cl. Þorláksson, haustið 1944, á 40 ára afmæli Iðnskólans í Reykjavík, til minningar um starf Jóns sál. Þorlákssonar við skólann, en hann var aðalstofnandi hans og fyrsti skólastjóri.

16

23. jan.

Stofnfé sjóðsins er 10.000 — tíu þúsund — krónur, sem frú Þorláksson gaf við framannefnt tækifæri.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en af vaxtatekjum hans má verja $\frac{4}{5}$ til þess að verðlauna þann eða þá nemendur, er beztum árangri ná við burtfararpróf úr væntanlegum framhaldsskóla Iðnskólans í Reykjavík. Eftir að $\frac{4}{5}$ vaxtatekna sjóðsins nema 500 krónum eða meira, skal ekki veita lægri verðlaun en 500 krónur til hvers einstaks, en að öðru leyti ræður stjórn sjóðsins hve há verðlaun hún veitir og hve mörg, innan þeirra takmarka, er skipulagsskrá þessi setur.

4. gr.

Þeir einir, er lokið hafa burtfararprófi úr kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík sem iðnnemar, og stundað hafa framhaldsnám við dagskóla hans, geta hlotið verðlaun úr sjóði þessum.

5. gr.

Á meðan ekki er starfræktur neinn framhaldsskóli við Iðnskólann í Reykjavík, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

6. gr.

Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík ásamt formanni Verðfræðingafélags Íslands stjórnar sjóðnum og úthlutar verðlaunum úr honum, og ræður afl atkvæða. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

7. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggilegan.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans. Reikningarnir skulu birtir árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisforseta á skipulagsskrá þessari.